

ÞRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

Ársskýrsla 2018

Hlutverk Þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn og framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Stjórnin skal eiga samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir áðurnefnd skólastig.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn Þróunarsjóðs námsgagna á fjögurra ára fresti. Félag íslenskra framhaldsskóla, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna fjóra af fimm stjórnarmönnum. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar formann án tilnefningar.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um námsgögn og þar er m.a. kveðið á um að stjórn hans ákveði skiptingu á fjármunum sjóðsins og beri ábyrgð á umsýslu hans. Sjóðsstjórn er heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum. Ennfremur segir að mennta- og menningarmálaráðherra setji sjóðnum reglugerð, þar sem m.a. sé kveðið á um skipulag hans og reglur um úthlutun. Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna árið 2018 skipuðu:

- Þórir Ólafsson, formaður
- Anna María Gunnarsdóttir, fulltrúi KÍ
- Hanna Berglind Jónsdóttir, fulltrúi KÍ
- Ingi Bogi Bogason, fulltrúi FÍF
- Þórdís H. Ólafsdóttir, fulltrúi SÍS

Stjórnin hélt fjóra fundi á tímabilinu á árinu 2018:

- 28. febrúar (stjórnarfundur)
- 22. maí (Stjórnarfundur með bókaútfendum)
- 27. apríl (Stjórnarfundur – úthlutun)
- 13. desember (stjórnarfundur)

Starfsemi

Forgangsmáttur sjóðsins á árinu voru þrjú: Námsefni fyrir framhaldsskóla, námsgögn fyrir innflytjendur vegna tungumálakennslu og forritun fyrir byrjendur. Ákveðið var að opna fyrir umsóknir um miðjan desember og hafa umsóknarfrest út janúarmánuð. Hámarksstyrkur var auglýstur 2 m.kr. sem var hækkun úr 1,75 m.kr. fyrir árið á undan.

Sjóðnum bárust alls 120 styrkumsóknir og námu fjárbeiðnir alls rúmum 200,3 m.kr. Flestir umsækjendur báðu um fullan styrk, eða 2 m.kr., en meðalupphæð styrkbeiðna nam um 1,7 m.kr.

107 umsóknir (89%) féllu undir ofangreind forgangsattriði ársins en 13 umsóknir (11%) féllu undir önnur áhersluatriði.

Aðalumsækjendur voru ýmist einstaklingar eða fyrirtæki; um var að ræða 43 karla (36%), 54 konur (45%) og 23 fyrirtæki/stofnanir (19%). Meðumsækjendur voru alls 45 talsins; 15 karlar (33%) og 30 konur (67%).

Allar umsóknir voru metnar annars vegar í innra mati af meðlimum stjórnar Þróunarsjóðs námsgagna og hins vegar í ytra mati af sérfræðingum sem skipaðir voru til verksins af Rannís. Báðir matsaðilar gáfu hverju verkefni fyrir sig einkunn og umsögn. Öllum upplýsingum var svo safnað saman fyrir stjórn Þróunarsjóðs námsgagna sem ákvað úthlutun ársins.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna ákvað að veita styrk til 28 verkefna fyrir árið 2018 fyrir alls 51,9 m.kr. Þetta voru 11 karlar (39%), 7 konur (25%) og 10 fyrirtæki/stofnanir (36%)¹. Upplýsingar um styrkþega, heiti verks og styrkupphæðir má sjá í listanum hér að neðan.

Nafn styrkþega	Heiti verks	Úthlutað
Arabísk-íslenska menningarsetrið ehf.	<i>Auðvitað get ég - framhald</i>	2.000.000
Auður Viðarsdóttir	<i>Okkar Ísland – kennsluvefur um menningu, samfélag og tungumál</i>	2.000.000
Ásthildur B. Snorradóttir	<i>Það sem allir kennarar og aðrir uppalendur þurfa að vita varðandi málörvun, boðskipti og lestur</i>	2.000.000
Bjartey Sigurðardóttir	<i>Orðagull – smáforrit fyrir snjalltæki – síðari hluti</i>	2.000.000
Björgvin Ívar Guðbrandsson	<i>Smiðjan – Samþætting, teymisvinna og verkefnatengd nálgun í námi og kennslu</i>	1.615.000
David Hidalgo Rodriguez	<i>Ísól og Jói í skólanum</i>	2.000.000
Fjölbrautaskóli Suðurlands	<i>Kennsluefni fyrir hestamennsku á framhaldsskólastigi</i>	2.000.000
Forlagið ehf.	<i>Skólaútgáfa með skýringum á tveimur skáldsögum eftir Halldór Laxness</i>	2.000.000
Guðrún Þorsteinsdóttir	<i>Misnotkun og samþykki – leiðbeiningar um lög, reglur og réttindi</i>	870.000
H.Í – Ester Ýr Jónsdóttir	<i>NaNO námsefni – Komdu í NaNO leit</i>	2.000.000
Háskólinn á Akureyri	<i>Orðaleikur</i>	2.000.000

¹ Þeir aðilar sem fengu fleiri en einn styrk í þessari úthlutunarlotu eru taldir sem því nemur, þ.e. litið var til aðalumsækjanda hverrar umsóknar fyrir sig. Aðili sem hlýtur styrki fyrir tvö verkefni er því talinn tvisvar o.s.frv.

H.A – Íris Hrönn Kristinsdóttir	<i>Snjallvagninn – skapandi forritun fyrir alla</i>	2.000.000
H.A – Miðstöð skólaþróunar	<i>Samræðufélagar (Talking Partners)</i>	1.900.000
IÐNMENNT ses.	<i>Samfélagshjúkrun (vinnuheiti)</i>	2.000.000
Jóna Svandís Þorvaldsdóttir	<i>Skapandi skrif fyrir framhaldsskóla – Rafrænt kennsluefni með verkefnum</i>	2.000.000
Jónatan Arnar Örlygsson	<i>Verkfærakista fyrir teymis- og sköpunarvinnu</i>	2.000.000
Kristian Guttesen	<i>Forritun, Minecraft og rökfræði</i>	2.000.000
Kristín Lukka Þorvaldsdóttir	<i>Heimilisfræði fyrir alla</i>	2.000.000
Kristján Jóhann Jónsson	<i>Skilvindan: Ný bókmenntafræði fyrir framhaldsskóla</i>	2.000.000
Kristján Matthíasson	<i>Efnafræði.is</i>	1.662.000
Landvernd	<i>Hreint haf – þemahefti um hafhlæsi, plastmengun í hafi og getu til aðgerða</i>	1.650.000
María Jónsdóttir	<i>Veistu svarið? Spurningar um kynheilbrigði ætlað nemendum með frávík í taugáþroska frá 15 ára aldri</i>	1.020.000
Robert Jack	<i>Dygðir og lestir í Laxdælu</i>	1.100.000
Samtökin '78	<i>Huldukonur í sögunni – námsefni og kennsluleiðbeiningar</i>	2.000.000
Sverrir Thorgeirsson	<i>Tölvusteinn</i>	2.000.000
Úlfar Snær Arnarson	<i>Tungapp</i>	1.960.000
Þorvaldur Davíð Kristjánsson	<i>Leiklist - ímyndunaraflíð</i>	2.000.000
Þórður Kristinsson	<i>Kennsluefni í kynjafræði</i>	2.000.000
		51.867.000

Umsýslu sjóðsins annaðist Jón Svanur Jóhannsson, starfsmaður Rannís, en stofnunin sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfraði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

Reykjavík 17. janúar 2019

Skúli Leifsson, Rannís